

12. maí 2004

Framkoma FLE við Íslenskan markað óásættanleg

SVP – Samtök verslunar og þjónustu mótmæla uppsögn Íslensks markaðar á starfsemi í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Uppsögnin er að mati SVP gerð í hefndarskyni fyrir þá ákvörðun Íslensks markaðar að kæra Flugstöðina fyrir brot á samkeppnislögum. Ætla má að uppsögnin sé öðrum fyrirtækjum í Flugstöðinni til viðvörunar um að véfengja ekki hin umdeilanlegu vinnubrögð Flugstöðvarinnar sem starfar í skjóli ríkisins.

Fyrirtækið Íslenskur markaður hefur starfað við verslunarrekstur á alþjóðlega flugvælinum við Keflavík í 35 ár og hlýtur að teljast vera með sérstaka þekkingu á slíkum rekstri. Fyrirtækið, sem þar til fyrir fáum árum var að töluverðum hluta í eigu íslenska ríkisins, rekur aðeins starfsemi í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Þegar forval var auglýst vegna endurúthlutunar verslunarrýmis í FLE fyrir um tveimur árum var fyrirtækið mjög ósátt við ákvæði sem þar voru og þrengdu kosti þess. Því sendi það erindi til Samkeppnisstofnunar og kvartaði yfir þeim atriðum sem þóttu óásættanleg. Þarna bar e.t.v. mest á því að FLE væri báðum megin borðs, þ.e.a.s. sem leigusali en jafnframt verslunareigandi og rekstraraðili sem úthlutaði sjálfum sér feitustu bitana úr því vöruvali sem boðið er í FLE.

Samkeppnisstofnun samþykkti rök Íslensks markaðar og málið gekk þá áfram og héraðsdómur staðfesti úrskurð Samkeppnisstofnunar. Þá var áfrýjað til Hæstaréttar sem úrskurðaði FLE í vil nú fyrir skömmu.

Tæpum sólarhring síðar barst Íslenskum markaði uppsagnarbréf vegna leigu í FLE og jafnframt kom fram að fyrirtækið var ekki talið hæft til þátttöku í áðurnefndi forvali sem á nú að fara fram.

SVP telja að skýringar stjórnenda FLE séu ekki trúverðugar og fráleitt sé að telja fyrirtækið Íslenskan markað, eftir 35 ára rekstur í flugstöðinni, óhæft til þátttöku í forvali um aðstöðu í FLE. Þarna ráða ekki ferðinni sanngirnissjónarmið og jafnræðisregla.

SVP telja að í þessari stöðu eigi að heimila Íslenskum markaði þátttöku í umræddu forvali og við samninga í kjölfarið verði öðrum en þeim aðilum hjá FLE og ÍM sem mest hafa deilt falið að ganga frá málum.

(Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri SVP-Samtaka verslunar og þjónustu, s. 822 1201)